



# Afplánun



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

## Meginmarkmið afplánunar

Föngum á að vera tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, með mannlegum og virðingarverðum samskiptum í aðstæðum og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við sín mál. Markmiðið er að stuðla að farsælli betrun fanga og aðlögun þeirra að samfélaginu á ný.

## Þrepaskipt afplánun

Reynt er að hafa afplánun þrepaskipta. Markmiðið er að þú sért ekki í lokuðu fangelsi allan tímann.

Við innkomu í fangelsi færðu afplánunarbréf með helstu dagsetningum sem skipta máli, svo sem hvenær þú gætir átt möguleika á að komast á áfangaheimili, fá ökklaband og reynslulausn.

Ákvörðun um í hvaða fangelsi þú ferð byggist meðal annars á kyni, kynvitund, búsetu, brotaferli og lengd dóms.

Ef þú ferð eftir reglum, nýtir þér alla meðferð og þjónustu í fangelsi og sýnir góða hegðun er líklegra að þú komist í opið fangelsi og afplánun utan fangelsis.

## Vistun á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun

Heimilt er að afplána tímabundið eða allan tímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun ef það er talið nauðsynlegt.

## Æskileg afplánun

LOKAÐ FANGELSI

Hólmsheiði  
og Litla-Hraun

OPIÐ FANGELSI

Kvíabryggja  
og Sogn

ÁFANGAHEIMILI

Vernd

ÖKKLABAND

REYNSLULAUSN

frelsi

### Lokuð fangelsi

Hólmsheiði og Litla-Hraun eru lokuð fangelsi. Öryggisgæsla er meiri en í opnum fangelsum, girðingar eru í kringum útisvæði, klefar læstir á nóttunni, heimsóknir fara fram í sérstökum herbergjum og minni aðgangur er að tölvum.

#### ■ Hólmsheiði

Hólmsheiði er lokað fangelsi, hugsað sem móttökufangelsi, kvenna- og gæsluvarðhaldsfangelsi. Á Hólmsheiði geta fangar stundað nám og vinnu.

#### ■ Litla-Hraun

Litla-Hraun er lokað fangelsi. Þar dvelja aðallega karlfangar sem eru yfirleitt með lengri dóma. Á Litla-Hrauni eru fjölbreyttir möguleikar til vinnu og náms og gott aðgengi að íþróttahúsi.

### Opin fangelsi

Kvíabryggja og Sogn eru opin fangelsi. Þar eru engir rimlar, girðingar eða veggir sem loka svæðinu. Þú þarft að fylgja skýrum reglum og taka þátt í starfsemi.

Til að fara í opið fangelsi þarftu helst að:

- vera með 2 ára dóm eða lengri
- geta stundað vinnu eða nám í fangelsinu
- vera agabrotalaus síðustu 3 mánuði
- vera treystandi fyrir aðgangi að interneti
- geta tekið á vímuefnavanda þínum, ef hann er til staðar

#### ■ Sogn

Sogn er opið fangelsi, rétt hjá Hveragerði. Þar eru pláss fyrir öll kyn.

##### Vinna í boði:

- Eldamennska
- Fiskeldi
- Garðvinna, viðhald og þrif
- Umhirða á hænum
- Tilfallandi verkefni í nágrenninu í samvinnu við bændur og aðra



Fangar geta stundað nám á menntaskólastigi við Fjölbrotaskóla Suðurlands í fangelsinu. Einnig er hægt að stunda fjarnám við aðra menntaskóla og háskóla.

#### ■ Kvíabryggja

Kvíabryggja er opið fangelsi á Snæfellsnesi aðallega fyrir karlfanga. Þar er góð aðstaða til vinnu og líkamsræktar.

##### Vinna í boði:

- Bústörf, meðal annars með kindur
- Viðhald og þrif
- Tilfallandi verkefni



Fangar geta stundað fjarnám undir handleiðslu námsráðgjafa.

Ef þú ferð ekki eftir reglum í opna fangelsinu er hægt að flytja þig aftur í lokað fangelsi.

## Fullnusta utan fangelsa

Mikilvægt er að sækja tímanlega um afplánun utan fangelsis svo að þú komist þangað eins fljótt og þú átt rétt á.

### Áfangaheimili

Þú getur afplánað hluta af tímanum á áfangaheimili eins og Vernd. Skilyrðin til að komast þangað eru meðal annars að:

- hafa afplánað  $\frac{1}{3}$  af tímanum
- vera í vinnu, námi, starfsþjálfun eða meðferð
- vera agabrotalaus síðustu 3 mánuði
- eiga ekki ólokin mál hjá lögreglu eða dómstólum
- mælast ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna
- hafa ekki strokið úr fangelsi síðustu 2 ár
- borga viðverugjald fyrirfram

Ungur aldur, smávægileg eða gömul brot, og góð hegðun geta leitt til undanþágu.

### Rafrænt eftirlit

Ef þú hefur fengið 12 mánaða dóm eða lengri geturðu sótt um að ljúka afplánun heima hjá þér með ökklaband.

Fyrir 12 mánaða dóm getur rafrænt eftirlit orðið allt að 60 dagar. Hámarkstími með ökklaband er 360 dagar.



Til að fá ökklaband:

- Þarftu að hafa verið á áfangaheimili, eins og Vernd, eða getað farið þangað en ekki komist af ástæðum sem þú réðst ekki yfir.
- Þarftu að hafa fastan samastað sem hefur verið samþykktur af Fangelsismálastofnun.
- Þarftu að fá samþykki þeirra sem þú býrð með eða húsráðanda um að þú fái að dvelja þar undir rafrænu eftirliti.
- Þarftu að vera í vinnu, námi, starfsþjálfun eða meðferð.
- Máttu ekki hafa brotið reglur um rafrænt eftirlit á síðustu 3 árum.
- Máttu ekki eiga ólokin mál hjá lögreglu eða dómstólum, nema þau hafi dregist mjög lengi.

### Reynslulausn

Hægt er að fá reynslulausn eftir:

- $\frac{1}{2}$  af tímanum ef þú afplánar fyrir minni háttar brot
- $\frac{1}{2}$  af tímanum ef þú ert erlendur fangi og hefur fengið brottvísun frá Útlendingastofnun
- $\frac{2}{3}$  af tímanum ef þú afplánar fyrir alvarleg brot, svo sem kynferðisbrot, alvarleg ofbeldisbrot og stórfelld fíkniefnabrot
- $\frac{1}{3}$  af tímanum ef þú varst 21 árs eða yngri þegar þú framdir afbrotið og hefur sýnt góða hegðun í afplánun

Almennt er reynslulausn ekki veitt ef:

- þú átt ólokin mál hjá lögreglu eða dómstólum, nema þau hafi dregist mjög lengi
- þú hefur oft brotið af þér (ert í 7. afplánun eða meira) eða hefur oft brotið skilyrði reynslulausnar – nema hegðun þín sé mjög góð
- dómur þinn var að hluta til skilorðsbundinn eða þú afplánar vararefsingu fésektá
- reynslulausn telst óráðleg, til dæmis vegna slæmrar hegðunar í afplánun eða að þú telst hættulegur öðrum

Þessar upplýsingar eru meðal annars byggðar á lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og reglum sem Fangelsismálastofnun hefur sett. Þær reglur má finna á hverri deild.

Fangelsismálastofnun | 520 5000 | fms@fangelsi.is | www.fangelsi.is